



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar

Kópavogi, 3. mars 2025
25021243/005.05

Efni: Svar við beiðni um upplýsingar um biðlista og biðtíma eftir félagslegri þjónustu á vegum velferðarsviðs.

Á fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 10. febrúar sl. voru lagðar fram til kynningar tölulegar upplýsingar velferðarsviðs. Ráðið bókaði eftirfarandi:

Velferðar- og mannréttindaráð óskar eftir að fá yfirlit yfir lengd biðtíma eftir félagslegri þjónustu: Hversu lengi hafa þeir beðið sem hafa verið lengst á biðlista eftir þjónustu velferðarsviðs?

Hér á eftir er yfirlit yfir lengd biðtíma eftir þeirri félagslegu þjónustu sem velferðarsvið veitir.


1. Skrifstofa ráðgjafar

Það er um þriggja vikna bið eftir þjónustu í virkniteymi en ráðgjafarteymið sem tekur við erindum á vakt vegna félagslegrar ráðgjafar er að bóka viðtöl í sömu viku eða vikuna á eftir. Vaktaerindum er gert að svara innan fimm daga en venjulega er svartíminn samdægurs eða innan tveggja daga. Varðandi þjónustu við fólk í Samræmdri móttöku flóttafólks þar er bið eftir viðtali ein til tvær vikur.

1.1. Áttan uppeldisráðgjöf

Þjónusta Áttunar er mis umfangsmikil. Hægt er að fá allt að sex viðtöl hjá ráðgjöfum Áttunnar vegna vægari vanda og eru þar 11 mál á biðlista. Bið eftir að viðtölin fari af stað er u.þ.b. 4 mánuðir. Hægt er að fá umfangsmeiri uppeldisráðgjöf þegar stuðningsþarfir eru þess eðlis og þá er ráðgjöf veitt til lengri tíma og jafnvel inni á heimili foreldra. Það eru 21 mál á bið eftir þeirri þjónustu í Áttunni sem heyra undir barna- og fjölskylduteymið á skrifstofu ráðgjafar og 3 mál á bið frá barnaverndarþjónustunni. Bið eftir að umfangsmeiri þjónusta fari í gang er u.þ.b. 5 mánuðir.

2. Skrifstofa félagslegs húsnæðis - biðtími á biðlista





3. Skrifstofa þjónustu og sértækrar ráðgjafar

3.1. Miðjan miðstöð stuðnings- og stoðþjónustu

3.1.1. Stuðningur við börn og fjölskyldur - Einstaklingsstuðningur, stuðningur við foreldra, stuðningsfjölskyldur

Alls eru 93 einstaklingar á bið eftir einstaklingsstuðningi og stuðningi við foreldra. Málum á biðlista er raðað eftir eftirfarandi forgangsflokkum:

Flokkur I: 16 einstaklingar á bið (2024: 11; 2025: 5)

Flokkur II: 72 einstaklingar á bið (2022: 1; 2023: 10; 2024: 5; 2025: 10). Lengsti biðtími síðan í september 2022 og janúar 2023

Flokkur III: 6 einstaklingar á bið (2023: 1; 2024: 5). Lengsti biðtími síðan í október 2023.

Flokkur IV: 2 einstaklingar á bið (2024: 2)

Fjöldi einstaklinga á bið eftir stuðningsfjölskyldu eru tilgreindir í 3.1.2.

Sem stendur er aðeins verið að ráða inn starfsfólk fyrir einstaklinga á biðlista í flokki I, aðrir flokkar eru á bið og ekki liggur fyrir hvenær sú þjónusta fer í framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum.

3.1.2. Stuðningur við börn og fjölskyldur á vegum barnaverndar – persónulegur ráðgjafi, tilsjón og stuðningsfjölskyldur

Alls eru 13 einstaklingar á bið eftir persónulegum ráðgjafa og tilsjón (2024: 12; 2025: 1). Auk þess eru 20 einstaklingar á bið (2023: 1; 2024: 15; 2025: 4) eftir stuðningsfjölskyldum. Þrátt fyrir að einstaklingar fari á biðlista er ekki bið á að þjónusta fari í framkvæmd vegna fjármögnunar, biðin felst í því að finna og ráða inn starfsfólk í málin.

3.1.3. Stuðningsþjónusta fyrir fullorðin fólk-heimastuðningur (áður félagsleg heimaþjónusta)

Alls eru 59 einstaklingar (umsóknir) á bið eftir að heimastuðningur komi til framkvæmdar, lengsti biðtími er um 6 mánuðir eða síðan í október sl. Um er að ræða samtölu allra hverfanna þriggja. Ekki er unnt að raða biðlistanum skv. stuðningsflokkum þar sem mat á þjónustuþörf hefur ekki verið gert hjá öllum umsækjendum.

Fjöldi á bið í október 2024 – 3

Fjöldi á bið í janúar 2025 – 17

Fjöldi á bið í febrúar 2025 – 29

Staðan er sú að þjónusta í þágu nýs þjónustunotanda hefst í raun ekki fyrr en annar þjónustunotandi hættir í þjónustu. Þá er tekið mið af forgangsflokkum sem og lengd biðtíma á biðlista.



3.1.4. Stuðnings- og stoðþjónusta fyrir fullorðið fatlað fólk

Það eru alls 16 manns á biðlista eftir einstaklingsstuðningi fyrir fullorðna.

Flokkur I: 1 Einstaklingur á bið. Biðtími síðan 11.4.2023 en færðist nýlega í I. flokk úr III. flokki.

Flokkur II : 4 Einstaklingar á bið, þar af einn eftir aukningu. Lengsti biðtími frá mars 2024.

Flokkur III : 10 Einstaklingar á bið 2024. Lengsti biðtími frá janúar október 2023.

Flokkur IV: 1 einstaklingur á bið. Biðtími frá nóvember 2023.

Sem stendur er aðeins verið að ráða inn starfsfólk fyrir einstaklinga á biðlista í flokki I, aðrir flokkar eru á bið og liggur ekki fyrir hvenær sú þjónusta fer í framkvæmd vegna skorts á fjárheimildum.

3.2. Ráðgjafateymi

3.2.1. Bið eftir mati á þjónustubörf vegna heimastuðnings.

Meðalbiðtími eftir matsviðtali er 23,5 dagar og er frá því að við að vera 0 dagar og upp í 258 dagar. 258 dagar er undantekning og stafar af því að sótt var um á síðasta ári, matsheimsókn afþökkuð þá en umsókn endurvakin í janúar. Ef sú breyta er tekin út þá var meðalbiðtími 16,7 dagar. Þegar umsókn er afgreidd samdægurs er ekki um að ræða fyrstu umsókn um stuðningsþjónustu heldur viðbót við fyrri þjónustu. Ef þessi mál eru tekin út úr jöfnunni er minnsta bið 3 dagar og mesta bið 58 dagar. Meðalbiðtími er 19,8 dagar.

4. Skrifstofa starfsstöðva og þróunar

Engin biðlisti er sem stendur í Höfuðborgina eftirskólaúrræði fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri en mikilvægt er að taka mið að vaxandi eftirspurn við ákvarðanatöku vegna nýs húsnæðis til þess að koma í veg fyrir biðlista.

4.1. Skammtímadvöl

Alls voru 28 einstaklingar á bið eftir skammtímadvöl (Mó aflöt, Hnotuberg og Hrauntunga) þann 28. febrúar sl.

Elsti einstaklingurinn á bið er á 20. aldursári en yngsti er á fimmta ári. Meðal biðtími á biðlistanum í dag er 26 mánuðir.

4.2. Vinna og virkni

Fjórir einstaklingar eru á biðlista eftir vinnu og virkni, mestu leyti er um að ræða ungt fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir sem er að útskrifast úr framhaldsskólum.

4.3. Sértek búseta

Þann fyrsta mars voru 28 einstaklingar með umsókn um sértæka búsetu og stóð meðalbiðtími þeirra í 43 mánuðum.

Sjö einstaklingar fengu nýverið úthlutað íbúðum í Kleifarkór, meðalbiðtími þeirra við áætlaða afhendingu íbúða í Kleifakór er 101 mánuður.

4.4. Dagdvöl / Roðasölum

Af forgangslista frá 2. febrúar voru 36 Kópavogsbúar að bíða eftir plássi í dagdvöl og þar af voru 26 á bið eftir plássi í Roðasölum.

Meðalbiðtími Kópavogsbúa á forgangslista eftir dagdvöl er 380 dagar. Hafa ber í huga að flestir þeirra sem hafa verið í lengstu biðinni hafa fengið boð í dagdvöl en synjað af ýmsum ástæðum.